



Greinargerð um innleiðingu  
kynjaðrar fjárhags- og  
starfsáætlunar hjá  
Reykjavíkurborg

við framlagningu ársreiknings Reykjavíkurborgar vegna ársins 2019

Inngangur .....	2
1. Greining þjónustupátta .....	2
Greining þjónustupátta á árinu 2019 .....	6
Íþrótta- og tómstundasvið: Greining á aðsókn í fjölskyldu- og húsdýragarðinn (janúar 2019) .....	6
USK – Greining á þjónustumiðstöð borgarlandsins (september 2019) .....	6
2. Jafnréttisskimun og jafnréttismat .....	7
Jafnréttisskimun á viðaukum við samþykka áætlun 2019.....	7
3. Ábendingar fjármála- og áhættustýringarsviðs .....	9

### Viðaukar

- I. Samantekt á áætlunum fagsviða um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun vegna undirbúningi á fjárhagsáætlun 2020-2024
- II. Leiðbeiningar vegna gerð jafnréttismats, FMS-LBE-156
- III. Eyðublað vegna jafnréttisskimunar, FMS-EBL-029

## Inngangur

Innleiðing kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar byggir á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla 10/2008, mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum. Markmiðið er að samþætta fjármála- og mannréttindastefnu borgarinnar og stuðla þannig að auknu jafnrétti. Stefnt er að betri og réttlátari nýtingu fjármuna með tilliti til ólíkra þarfa borgarbúa.

Tvö megin verkefni innleiðingar kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar hjá Reykjavíkurborg eru greining þjónustubátta annars vegar og jafnréttisskimun- og mat á öllum nýjum verkefnum og breytingartillögum sem varða fjárhagsáætlun hins vegar.

Í þessari greinargerð er að finna stöðumat á innleiðingu KFS árið 2019 með áherslu á eftirtalið:

- Stöðu greininga þjónustubátta á fagsviðunum með tilliti til ráðstafaðra fjármuna til þeirra samkvæmt samþykktu fjárhagsáætlun 2019.
- Innleiðingu jafnréttisskimunar. Tekið er saman hvert er hlutfall viðauka sem hlutu jafnréttisskimun af öllum viðaukaum við samþykktu fjárhagsáætlun 2018.

## 1. Greining þjónustubátta

Greining þjónustubátta er forsenda þess að hægt sé að taka upplýstar ákvarðanir varðandi fjárhags- og starfsáætlanir með tilliti til jafnréttisáhrifa. Markmið greiningar er að kortleggja hvort halli á annað kynið eða þá hópa sem mannréttindastefnan tekur til við ráðstöfun fjármagns. Greiningar á að nota til að meta hvort aðgerða sé þörf og sé svo til hvaða aðgerða á að grípa. Niðurstaðan er notuð sem grundvöllur fjárhagsáætlunar eða endurskoðunar hennar.

Tafla 1 hér að neðan sýnir lista yfir þær greiningar sem lokið var við á fagsviðunum á árinu 2019 en aðeins var lokið við tvö greiningarverkefni, eitt á íþrótt- og tómsfundasviði og annað á umhverfis- og skipulagssviði.

Samkvæmt verklagsreglu um KFS hjá Reykjavíkurborg ber fagsviðum að gera áætlun um framkvæmd greiningaverkefna í tengslum við KFS samhliða undirbúnings fjárhagsáætlunar. Í viðhengi I er samantekt á áætlunum fagsviða um KFS greiningar vegna undirbúnings fjárhagsáætlunar 2020-2024. Ljóst er að eftirfylgni með þeim áætlunum er ábótavant.

*Tafla 1: Greiningar þjónustubátta vegna innleiðingar kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar lokið á árinu 2019, eftir fagsviðum Reykjavíkurborgar.*

Fagsvið	Verkefni	Tímasetning - skil
USK		
	Þjónustumiðstöð borgarlandsins	September 2019
ÍTR		
	Aðsókn í fjölskyldu- og húsdýragarðinn	Janúar 2019

Í töflum 2 til 6 hér á eftir er sett fram yfirlit yfir stöðu greininga á sviðum borgarinnar með tilliti til ráðstafaðra fjármuna til þjónustubátta samkvæmt fjárhagsáætlun fyrir árið 2019 sem samþykkt var í borgarstjórn 4. desember 2018<sup>1</sup>. Í töflunum er yfirlit yfir sundurliðuð heildargjöld og tekjur viðkomandi málaflökks og tilgreint þar sem KFS greining hefur verið gerð. Jafnframt er merkt með gulu þeir þjónustubættir sem að hluta til hafa verið gerðar greiningar á. Í meðfylgjandi töflum 2 til 6 kemur fram að stór hluti af þjónustu borgarinnar hefur ekki enn verið greindur með aðferðafræði kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar og lítil breyting orðið frá árinu 2018, eins og sjá má í töflu 1.

<sup>1</sup>[https://reykjavik.is/sites/default/files/ymsi\\_skjol/skjol\\_utgefid\\_efni/fjarhagsaaetlun\\_2019-2023\\_samth\\_aaetlun\\_endanlegt.pdf](https://reykjavik.is/sites/default/files/ymsi_skjol/skjol_utgefid_efni/fjarhagsaaetlun_2019-2023_samth_aaetlun_endanlegt.pdf)

Tafla 2: Greining þjónustubátta á Íþrótt- og tómstundasviði. Lokið var greiningum á aðsókn í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn á árinu.

Íþrótt- og tómstundasvið	Áætlun 2019				
	Gjöld	Tekjur	Mismunur	Flokkun notenda/í vinnslu	KFS greining
<b>Yfirstjórn ÍTR</b>	<b>180.266</b>		<b>180.266</b>	<b>frátalið</b>	
Sundlaugar	2.606.072	940.788	1.665.285		
Sundlauga gestir				já	
Íþróttamál	703.519	40.051	663.468		
Skíða svæðin	423.510	325.153	98.357		
Önnur starfsemi	1.305.711	263.462	1.042.255		
Hi tt húsið	245.856	21.244	224.612	já	
Fjölskyldu- og húsdýragarður	493.294	192.287	301.007		já
Styrki r	4.621.530	46.577	4.574.953	já	
Frístundakort	727.668		727.668		já
<b>Samtals</b>	<b>9.840.608</b>	<b>1.616.031</b>	<b>8.224.583</b>		
<b>Samtals frátalið yfirstjórn</b>	<b>9.660.342</b>		<b>8.044.317</b>		
<b>Samtals skoðaðir þjónustubættir</b>	<b>1.220.962</b>	<b>192.287</b>	<b>1.028.675</b>		<b>13%</b>

Tafla 3: Greining þjónustubátta á Menningar- og ferðamálasviði. Unnin hafa verið verkefni á sviðinu þó ekki þannig að þau hafi náð heildstætt til þjónustubátta.

Menninga r- og ferðamálasvið	Áætlun 2019				
	Gjöld	Tekjur	Mismunur	Flokkun notenda/í vinnslu	KFS greining
<b>Yfirstjórn</b>	<b>117.743</b>		<b>117.743</b>	<b>frátalið</b>	
Höfuðborgarstofa	105.298	30.653	74.645		
Barnameningarhátíð				já	
Viðhorf og hegðun ferðamanna				já	
Borga rbókas afn Reykja vikur	1.050.587	50.258	1.000.329		
Börn og menningaruppeldi				já	
Samsetning og viðhorf gesta				já	
Útlán og "bókin heim"				já	
Listasafn Reykja vikur	547.300	126.546	420.754		
Börn og menningaruppeldi				já	
Samsetning og viðhorf gesta				já	
Lista verkakaup	15.916		15.916	já	
Borgarsögusafn Reykjavíkur Börn og menningaruppeldi	759.659	219.006	540.653		
Samsetning og viðhorf gesta				já	
Önnur menningarstarfsemi	63.787	4.470	59.317		
Styrkir og samsta rfs samningar	1.544.770	60	1.544.710	já	
Framlög	990.088		990.088		
Annað	199.349	14.367	184.982		
<b>Samtals</b>	<b>5.405.709</b>	<b>443.519</b>	<b>4.962.190</b>		
<b>Samtals frátalið yfirstjórn</b>	<b>5.287.966</b>				
<b>Samtals skoðaðir þjónustubættir</b>					<b>0%</b>

Tafla 4: Staða greiningar þjónustupáttá á Skóla- og frístundasviði með hliðsjón af fjárhagsáætlun 2019.

Skóla- og frís tundasvið	Áætlun 2019				Flokkun notenda/i vinnslu	KFS greining
	Gjöld	Tekjur	Mismunur			
Frístund	4.438.719	562.947	3.875.773			
Leikskólar og dagforeldrar	17.205.226	1.582.654	15.622.573			
Sérkennsla í leikskólum	996.071	15.000	981.071		já	
Innkaup námsefnis í leikskólum					já	
Grunnskólar	30.025.095	1.992.085	28.033.010			
Sérkennsla	1.247.364		1.247.364		já	
Félagsmiðs töðvar					já	
Skóla- og frís tundasvið - yfirsjórn	1.575.683	20.910	1.554.773		frátalið	
Próunarstyrkir og almennir styrkir	200.000		200.000		já	
Listaskólar, fullorðinsfræðsla og framhaldsskólar	1.814.876	58.728	1.756.147			
<b>Samtals</b>	<b>55.059.600</b>	<b>4.217.324</b>	<b>50.842.276</b>			
<b>Samtals frátalið yfirsjórn</b>	<b>53.483.917</b>					
<b>Samtals skoðaðir þjónustupættir</b>	<b>2.243.435</b>	<b>15.000</b>	<b>2.228.435</b>		<b>4,19%</b>	

Tafla 5: Staða greiningar þjónustupáttá á Velferðarsviði með hliðsjón af fjárhagsáætlun 2019.

Velferðarsvið	Áætlun 2019				Flokkun notenda/i vinnslu	KFS greining
	Gjöld	Tekjur	Mismunur			
Skrifstofur	3.902.738	2.554	3.900.183		Frátalið	
Nefndir og ráð	90234,86661	0	90.235			
Fjárhagsáætlun	2.289.186	128.600	2.160.586		já	
Húsaleigubætur	1.117.802		1.117.802			
Samninga, framlög og styrkir	3.453.460	54.366	3.399.094		já	
Búsetuúrræði	7.854.100	57.534	7.796.566		já	
Félagsmiðs töðvar	865.799	134.702	731.097			
Dagþjónusta	617.381	185.244	432.137		já	
Heimaþjónusta - Heimahjúkrun	3.747.139	1.734.337	2.012.802		já	
Hjúkrunaheimili	1.529.677	1.292.405	237.272	já		
Þjónustuíbúðir	679.302	133.559	545.743		já	
Stuðningsfj. stuðningsþj. og frekari liðveisla	2.209.387		2.209.387			
Ýmis úrræði	896.857	264.762	632.095			
Þróunarverkefni	1.548.686	739.055	809.631			
Önnur gjöld	651.703	36.000	615.703			
Þjónustusamningar (safn)						
<b>Samtals</b>	<b>31.453.452</b>	<b>4.763.118</b>	<b>26.690.334</b>			
<b>Samtals frátalið yfirsjórn</b>	<b>27.460.479</b>					
<b>Samtals skoðaðir þjónustupættir</b>	<b>18.640.569</b>	<b>2.165.040</b>	<b>16.346.929</b>		<b>68%</b>	

Tafla 2: Staða greiningar þjónustubátta á umhverfis- og skipulagssviði með hliðsjón af fjárhagsáætlun 2019. Lokið var greiningum á þjónustumiðstöð borgarlandsins á árinu.

Umhverfis- og skipulagssvið	Áætlun 2019			Flokkun notenda/í vinnslu	KFS greining
	Gjöld	Tekjur	Mismunur		
Umhverfis og samgönguráð og skrifstofa s viðsstjóra	1.016.838	265.029	751.809		frátalið
Landupplýsingar	153.348	3.500	149.848		já
Skipulagsfulltrúi	320.958	67.266	253.692		já
Samgöngustjóri og borgarhönnun	959.109	1.048.871	( 89.762)		já
Hjól reiða á ætlun					já
Bygginga fulltrúi	289.993	226.931	63.062		já
Umhverfisgæði	2.316.678	1.770.172	546.506		68%
Úrgangsmál	1.749.146	1.759.687	( 10.541)		já
Grasagarður	103.459	3.600	99.859		já
Vinnuskóli	29.458		29.458		já
Nemendur Vinnuskóla	121.684		121.684		já
Leiðbeinendur Vinnuskóla	87.623		87.623		já
Fræðslu- og félagsstarf Vinnuskólans	12.302		12.302		já
Þjónustumiðstöðvar Vinnuskóla	31.714		31.714		já
Heilbrigðiseftirlit	291.335	180.649	110.685		
Framkvæmdir og viðhald mannvirkja	1.132.689		1.132.689		
Rekstur og umhirða borgarlands	4.838.269	30.850	4.807.419		
<b>Samtals</b>	<b>11.165.869</b>	<b>3.589.768</b>	<b>7.576.100</b>		
<b>Samtals frátalið yfirstjórn</b>	<b>10.149.031</b>	<b>3.324.739</b>	<b>6.824.292</b>		
<b>Samtals þjónustubættir sem sviðið hefur talið ekki ástæðu til að greina*</b>	<b>1.424.023</b>	<b>180.649</b>	<b>1.243.374</b>		
<b>Samtals skoðaðir þjónustubættir</b>	<b>3.705.445</b>	<b>3.106.355</b>	<b>599.090</b>		<b>42%</b>

## Greining þjónustupátta á árinu 2019

Íþrótt- og tómstundasvið: Greining á aðsókn í fjölskyldu- og húsdýragarðinn (janúar 2019)  
Í KFS greinargerð með framlagningu ársuppgjors 2018 er að finna greinargóða umfjöllun um verkefnið.

### USK – Greining á þjónustumiðstöð borgarlandsins (september 2019)

Starfshópur um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun á umhverfis- og skipulagssviði greindi á árinu 2019 starfsemi þjónustumiðstöðvar borgarlandsins út frá kynja- og jafnréttissjónarmiðum. Þjónustumiðstöðin sinnir ýmsum verkefnum sem tengjast umhirðu og rekstur borgarlands, svo sem umsjón með umferðarljósum og strætóskýlum, vetrarþjónustu, og grasslátti. Starfshópurinn leggur til eftirfarandi aðgerðir byggt á niðurstöðum greiningar:<sup>2</sup>

1. Að kannað verði umfang verkefnis, kostnaður og ávinningur af því að gera úrbætur varðandi aðgengi þeirra sem eiga erfitt með gang, að matjurtargörðum Reykjavíkur.
2. Að fulltrúi USK í samráði við mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu og velferðarsvið skoði hvernig hægt er að styðja við verkefnið um atvinnumál fatlaðra sem er unnið í samstarfi þjónustumiðstöðvar og lóðjubeigs, og styðja þannig aukna atvinnuþátttöku fatlaðs fólks, í samræmi við grein 4.2.1 í mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar um atvinnuþátttöku fatlaðs fólks.
3. Samspil vetrarþjónustu og ferðaþjónustu fatlaðra er mál sem vert er að skoða, en upplýsingar um þarfir og áhrif núverandi framkvæmdar á þjónustuþega liggja hjá velferðarsviði og því ætti mögulega að fela VEL athugun á því hvort þjónustan sé viðunandi eða hvort gera þurfi úrbætur. Í grein 4.3.2 í mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar segir: *Þess er gætt, þegar þjónusta er skipulögð, að hún taki mið af þörfum ólíkra hópa fatlaðs fólks af öllum kynjum. Leiði niðurstöður til þess að breyta þurfi þjónustunni þarf að kostnaðarmeta það og gera ráð fyrir fjármagni í úthlutun til sviða.*
4. Rýna betur vinnutíma starfsfólks með aðferðafræði KFS og yrði það þá gert samhliða öðrum starfstöðvum umhverfis- og skipulagssviðs sem einnig hafa þennan vinnutíma. Umhugsunarvert er hvort vinnutíminn sé í takt við áherslur um jafnvægi milli starfs og einkalífs og myndi rýningin því leitast við að draga fram hvernig er hægt að koma til móts við þær áherslur.

---

<sup>2</sup> Finna má ítarlega greiningarskýrslu á ytri vef: <https://reykjavik.is/utgefid-efni-kynjud-fjarhags-og-starfsaaetlun>

## 2. Jafnréttisskimun og jafnréttismat

Samkvæmt reglum um gerð fjárhagsáætlunar, sem samþykktar voru í borgarstjórn 1. desember 2015, skal greina jafnréttisáhrif m.t.t. mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar á tillögum (viðaukum) sem lagðar eru fram um breytingar á samþykktri fjárhagsáætlun, hvort sem er til hækkunar eða lækkunar fjárheimilda.

Leiðbeiningar vegna gerð jafnréttismats, FMS-LBE-156<sup>3</sup> voru gefnar út í júlí 2018 auk þess sem nýtt eyðublað vegna jafnréttisskimunar, FMS-EBL-029<sup>4</sup>, var tekið í notkun. Með jafnréttisskimun eru metin með einföldum hætti áhrif tillögunnar/verkefnisins á jafnrétti kynjanna og/eða jaðarsetta hópa í samræmi við stefnu Reykjavíkurborgar um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun. Jafnréttisskimunin er greiningartæki sem auðveldar stjórnendum og kjörnum fulltrúum að forgangsraða ráðstöfun fjármuna með tilliti til þess að stuðla að jafnrétti.

Jafnréttismat er dýpri greining á jafnréttisáhrifum. Fáí tillagan brautargengi, getur verið ástæða til þess að vinna jafnréttismat á verkefninu eða þjónustupættinum sem það varðar í heild sinni.

Þess skal gæta að umfjöllunin hér á eftir tekur einungis mið af hve vel hefur gengið að innleiða verklag við jafnréttisskimun á árinu 2019. Ekki hefur verið forsenda til þess að fjalla um innihald skimana og hversu vel sé staðið að því að stuðla að auknu jafnrétti við gerð fjárhagsáætlunar 2020. Markmiðið á komandi ári er að allar tillögur sem hafa fjárhagsleg áhrif, hvort heldur sem er vegna viðauka, fjárfestinga eða fjárhagsáætlunar komandi árs, fari í gegnum jafnréttisskimun.

### Jafnréttisskimun á viðaukum við samþykta áætlun 2019

Breytingar á samþykktri fjárhagsáætlun 2019 A hluta Reykjavíkurborgar námu samtals 2.957 m.kr. Það voru alls 65 viðaukar en aðeins sex þeirra undirgengust jafnréttisskimun. Það nemur tæpum tíu prósentum af fjölda viðauka en einungis tveimur prósentum af heildarupphæðinni eins og sjá má í töflum 7 og 8 hér fyrir neðan. Samkvæmt reglum Reykjavíkurborgar um gerð fjárhagsáætlunar skal breytingum á fjárhagsáætlun (viðauka) fylgja greinargerð sem m.a. varpar ljósi á áhrif tillögunnar á kynin og þá hópa sem mannréttindastefna borgarinnar tekur til. Í greiningunni skal huga bæði að hagsmunum notenda þjónustu og þeirra sem veita hana nema í þeim undantekninga tilvikum þar sem slíkt mat á ekki við.

Þó jafnréttisskimun eigi ekki við í einstaka tilfellum, t.d. vegna kjarasamningsbundna launahækkana, þá er ljóst að það vantar upp á að ofangreindri reglu sé fylgt af hálfu borgarinnar.

Talfa 7: Yfirlit yfir þær breytingar á samþykktri fjárhagsáætlun 2019 sem hlutu jafnréttisskimun eftir fagsviðum.

Breytingar eftir fagsviðum	Kostnaður
ÍTR	
Styrkur vegna CrossFit Championship 2019	9.000
Styrkur til tónlistarfélags Árbæjar	5.000
MOF	
Hönnunarmiðstöð Íslands - aukið framlag	3.600
RHUS	
Ráðgjöf vegna innleiðingar þjónustustefnu	14.000
SFS	
Eitt námsgjald þvert á skólastig	15.096
ÖNN	
Styrkur til félags Sameinuðu þjóðanna á Íslandi vegna framleiðslu á fræðslupáttaröð um lofslagsmál	0

<sup>3</sup> Sjá viðauka II

<sup>4</sup> Sjá viðauka III



Tafla 8: Yfirlit yfir samtals fjarhæðir breytinga á samþykktri fjárhagsáætlun 2019 eftir fagsviðum og hlutfall þeirra fjarhæðar sem hlaut jafnréttisskimun.

Fagsvið	Samtals viðaukar/ breytingar	Samtals skimað	Skimað
ÍTR	147.086	14.000	10%
MOF	75.779	3.600	5%
RHUS	318.953	14.000	4%
SFS	1.617.201	15.096	1%
USK	168.506	0	0%
VEL	610.368	0	0%
Eignasjóður	19.307	0	0%
Sam tals	2. 957. 200	46. 696	2%

### 3. Ábendingar fjármála- og áhættustýringarsviðs

- Frá árinu 2012 hefur Reykjavíkurborg verið með að markmiði að greina alla þjónustu borgarinnar með aðferðarfræði kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar. Gert hafði verið ráð fyrir því að þeirri greiningu myndi ljúka fyrir árið 2018 og unnt yrði að undirbúa fjárhagsáætlun 2019 heildstætt með jafnrétti að leiðarljósi í samræmi við mannréttindastefnu borgarinnar. Greining þjónustupáttanna hefur gengið mun hægar en vonast var til og nánast enginn árangur orðið á því verkefni á árinu 2019, sjá kafla 1 um greiningu þjónustupáttanna. Talsvert er um að smærri verkefni séu tekin fyrir innan þjónustupáttanna. Mikilvægt er að finna leiðir til þess að takast á við jafnréttisgreiningu stærri þjónustupáttanna með markvissum hætti og að verkefninu sé fylgt eftir af alvöru á fagsviðum borgarinnar.
- Á árinu 2018 var markvisst unnið að því að innleiða jafnréttisskimun sem verkfæri til þess að tryggja að farið sé yfir jafnréttissjónarmið við gerð allra tillagna sem hafa fjárhagsleg áhrif. Í skýrslunni má sjá hvernig til hefur tekist að innleiða jafnréttisskimanir vegna breytingum á samþykktri fjárhagsáætlun en fram kemur að töluvert skortir á um að þau markmið hafi náðst. Mikilvægt er að komið sé á skilvirkri eftirfylgni með því að þessu verklagi sé ávallt fylgt.
- Í þessari skýrslu er ekki tekist á við gæði eða innihald jafnréttisskimana. Til þess að verkefnið skili árangri er mikilvægt að þróa greiningartæki og mælikvarða sem hægt er að nota til þess að árangursmeta jafnréttisskimanir og jafnréttismat.
- Aðgengi að kyngreindum gögnum er víða ábótavant. En hér má vísa í 12. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla (10/2008) um greiningu á tölfræðiupplýsingum, sem kveður á um að greint skuli á milli kynja við söfnun gagna, úrvinnslu þeirra og birtingu í opinberri hagskýrslugerð, nema persónuverndarhagsmunir mæli gegn því. Aðgengi að kyngreindum gögnum þarf að bæta til þess að uppfylla kröfu laganna en það er einnig mikilvægt við vinnslu kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlana. Setja verður áætlun um fyrirkomulag gagnamála hjá Reykjavíkurborg varðandi kyngreind gögn og gagnastefna borgarinnar verði þar að leiðarljósi.

# Samantekt á áætlunum fagsviða Reykjavíkurborgar um greiningu þjónustubáttar og framkvæmd kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar

vegna undirbúnings fjárhagsáætlunar 2020-2024

lagt fram á fundi stýrihóps um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun 17. maí 2020

## Efnisyfirlit

Menningar- og ferðamálasvið .....	2
Íþróttar- og tómstundasvið.....	3
Skóla- og frístundasvið .....	5
Umhverfis- og skipulagssvið .....	6
Velferðarsvið .....	7

## Menningar- og ferðamálasvið

Árið 2019 er áhersla lögð á að byggja ofan á verkefni síðustu ára og skapa þannig enn betri grundvöll til þess að rýna og vinna með kyngreindar upplýsingar.

Haldið verður áfram að kortleggja áhuga og ánægju í skipulögðum viðburðum á vegum menningarstofnana MOF. Í úttekt sem gerð var árið 2014 kom í ljós að viðburðir og kynningar á vegum MOF höfðu betur til stúlkna en drengja, hvort sem litið er til þátttöku eða ánægju. Við þessum niðurstöðum hefur verið brugðist með markvissum aðgerðum sem m.a. fela í sér starfshóp þvert á stofnanir, aðgerðir til þess að samræma skráningar, úthlutun fjármagns úr barnameningarpotti með það að markmiði að leiðrétta kynjahallann og að gæta kynjajafnræðis við skipan starfshópa fræðslufulltrúa og rýnihóps kennara og ungmenna.

Áfram verður unnið með uppfærðar verklagsreglur um styrki á vegum menningar, íþrótt- og tómstundaráðs frá 2018 en umsóknir eru nú m.a. metnar á því hve vel þær falla að mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og markmiðum um innleiðingu á kynjaðri fjárhags- og starfsáætlun. Jafnframt leitast ráðið við að kynjahlutföll séu jöfn í þeim ólíku starfshópum sem það skipar.

## Íþróttta- og tómstundasvið

### Inngangur – yfirlit yfir stöðu innleiðingu kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunargerðar

ÍTR leggur áherslu á að sú þjónusta sem sviðið veitir nýtist öllum hópum, tekið sé tillit til mismunandi þarfa og þjónusta sé ávallt í samræmi við mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar. Þau verkefni sem hafa verið unnin á sviðinu með aðferðafræði KFS eru helst greining þjónustupátta.

Meðal verkefna sem ÍTR hefur unnið eru: Greining á aðsókn í sundlaugar, þátttaka barna í skipulögðu starfi, fjárfesting vegna íþróttamannvirkja, aðsókn í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn, þátttaka í Músíktílaunum og ráðningar í sumarstörf.

Þegar farið er í ný verkefni á sviði upplýsingatækni er þess gætt að alltaf sé hægt að nálgast gögn á kyngreinanlegan hátt og því hægt að skoða kynjuð tölfræðigögn. Tækifærin framundan liggja í útbreiðslu aðferðafræðinnar á sviðinu, allir stjórnendur þess hafa fengið kynningu á helstu þáttum KFS og verður haldið áfram á þeirri vegferð á árinu 2019. Á sviðinu hafa einnig verið gerð jafnréttismöt og jafnréttisskimanir fyrir öll ný verkefni í fjárfestingaráætlun og í rekstri.

Þjónustupáttur	Hluti þjónustunnar sem var greindur	Ár skila	Kostnaður greindrar þjónustu (miðað við fjárhagsáætlun 2018)
Sundlaugar	Aðsókn	2012	1.489 mkr
Frístundarkort	Þátttaka	2012	728 mkr
Fjárfesting íþróttafélaga	Fjárfesting	2013	Misjafnt
Rekstur íþróttafélaga	Styrkir til íþróttafélaga	2014	915 mkr
Sumarstörf ÍTR	Ráðningar	2015	74 mkr
Fjölskyldu og húsdýragarðurinn	Aðsókn	2018	290 mkr
Hitt Húsið	Þátttaka í Músíktílaunum	2018	-

Framundan eru tækifæri hjá ÍTR til að greina ýmis verkefni í KFS svo sem:

- Aðsóknartölur með nýju verslunarkerfi sem tekið verður í notkun vorið 2019 og koma gögn til með að liggja fyrir 2019 – 2020.
- Samantekt á þróun nýtingar frístundakortsins fyrir árin 2012 – 2018.
- Skoða þátttöku í ýmsum jaðariþróttum og öðrum tómstundum sem ÍTR styrkir.
- Greina aðsókn og þjónustu á skíðasvæðunum með aðferðafræði KFS.
- Skoða álag og starfsánægju í starfsmannahópum ÍTR eftir kyni og aldursbili.
- Skoða ánægju með þjónustu sundlauga, Fjölskyldu- og húsdýragarðs og skíðasvæða eftir kyni og aldursbili.

### Eftirfylgni með aðgerðum

Þær greinigar á sviði kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar sem hafa verið gerðar á Íþróttta- og tómstundasviði síðastliðin ár hafa verið nýttar á mismunandi hátt. Aðferðafræðin er komin inn í verklag við þáttökugreiningu úr gögnum Frístundakortsins og öll gögn þar eru kyngreind. Þá er einnig verið að leggja lokahönd á smáforrit inn í Qlik sense sem á eftir að auka aðgengi að þeim upplýsingum verulega. Greining á aðsókn í Fjölskyldu- og húsdýragarðsinn er lokið. Niðurstöður benda til að munur er á aðsókn fullorðinna karla og kvenna eftir árstíðum. Yfir vetarmánuðina eru álíka margir karlar og

konur en yfir sumar mánuðina eru töluvert fleiri konur en karlar sem sækja garðinn. Stjórnendur í garðinum hafa fengið það hlutverk að greina mögulega skýringu á þessu.

(Skýrslur er hægt að nálgast hér: <https://reykjavik.is/utgefid-efni-kynjud-fjarhags-og-starfsaetlun> eða hjá verkefnastýru KFS.)

Þjónustubáttur og ár skila	Aðgerð	Staða framkvæmdar
Frístundakort	Þátttaka 6-9 ára barna í Reykjavík í skipulögðu starfi kyngreind á hverju ári.	Komið inn verklag
Frístundakort	Nýting og dreifing á frístundakortinu er kyngreind á hverju ári	Komið inn verklag
Aðsókn í Sundlaugar	Við innleiðingu á nýju verslunarkerfi var horft til þess að auðvelt yrði að safna kyngreindum gögnum.	Nýtt kerfi verður innleitt vorið 2019
Aðsókn í Sundlaugar	Við skoðun á aðsóknargögnum kom í ljós að það hallaði á konur í aðsókn að Sundhöllinni. Gerð var ítarleg könnun meðal notenda Sundhallarinnar. Niðurstaðan var að konur upplifðu að aðgengi að aðstöðu í kvennaklefum væri ábótavant. Var það haft til hliðsjónar við endurhönnun á Sundhöllinni.	Aðstaða í kvennaklefum var bætt til að mæta þörfum notenda Sundhallarinnar. Er komið í notkun.
Sumarstörf ÍTR	Aðgerða var ekki þörf.	Stjórnendur meðvitaðir um jafna kynjaskiptingu í ráðningum.
Fjárfesting Íþróttafélaga	Gögnin sýndu mun á fjárfestingu milli íþróttagreina og mismunandi þátttöku kynja í þessum greinum.	Haft til hliðsjónar við val á fjárfestingarverkefnum
Rekstur íþróttafélaga	Gögnin sýndu mun á kostnaði milli íþróttagreina og mismunandi þátttöku kynja í þessum greinum. Margir fyrirvarar voru á úttektinni og margt sem var óljóst. Þetta þarfnast frekari djúpgreiningar.	Ekki var mögulegt að vinna áfram með þau gögn vegna ónákvæmni gagna.
Fjölskyldu og húsdýragarðurinn.	Aðsókn var greind eftir kyni í FHG árið 2017. Skýrslu var skilað í lok árs 2018. Helsta niðurstaða er að aðsókn fullorðinna karla og kvenna er breytileg eftir árstíðum.	Möguleiki er á að kanna þann mun frekar.
Hitt Húsið	Verið er að greina þátttöku í Músiktilraunum eftir kyni.	Í vinnslu

## Skóla- og frístundasvið

### Fyrri greiningar á skóla- og frístundasviði:

Á sviði skóla- og frístunda hafa verið unnin eftirfarandi greiningarverkefni síðan að innleiðing kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar hófst árið 2011:

- Börn ári fyrir á leikskóla – áhrif á dagforeldra, starfsfólk leikskóla og foreldra (2012)
- Þátttaka foreldra í foreldrafélögum og ráðum í leik- og grunnskóla (2012)
- Þátttaka 13-16 ára unglinga í félagsmiðstöðvastarfi (2012)
- Stuðningur í leikskólum, grunnskólum og frístundaheimilum SFS (2014)
- Sérkennsluúthlutun í grunnskólum (2015)
- Þátttaka 10 - 12 ára barna í félagsmiðstöðvastarfi (2015)
- Greining á styrkjum skóla- og frístundaráðs á árunum 2013-2015 (2016)
- Innkaup á námsefni og leikföngum í tveimur leikskólum (2018)

### Áætlun sviðsins vegna kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar fyrir árið 2019:

Úr tillögu stýrihóps um innleiðingu kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar, samþykkt í borgarráði 24. janúar 2019:

- *SFS setji upp tilraunaverkefni með nokkrum grunnskólum annarsvegar og nokkrum leikskólum hinsvegar til þess að þróa aðferðafræði kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar í þessum mikilvægu stofnunum með það fyrir augum að yfirfæra aðferðafræðina á alla grunnskóla og leikskóla sem ekki taka þátt í tilraunaverkefninu.*

Sviðið hefur gert samning við Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands um verkefni á þróun aðferðafræði kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar í grunnskólum Reykjavíkurborgar.

Með þessu verkefni er athygli beint að því að þróa aðferðir til þess að innleiða kynjaða fjárhags- og starfsáætlun í heildstæðri mynd á leik- og grunnskólum Reykjavíkurborgar.

Verkefnið verður unnið í samstarfi við þrjá grunnskóla borgarinnar: Ingunnarskóla, Háteigsskóla og Hólabrekkuskóla.

Verkefnið skiptist í þrjá áfanga; 1. Kortlagning gagna, 2. Greining og mat á jafnréttisáhrifum, og 3. Kynning á niðurstöðum og breytingartillögum.

1. Kortlagning gagna (Rýning á eftirfarandi gögnum, í samstarfi við skólastjóra og fagskrifstofur SFS); Fjárhagsáætlanir og fjárhagsáætlunarferli grunnskólanna, úthlutunarlíkan, kaup á námsgögnum, framboð á valfögum, skýrslur til fjármáladeildar SFS, innra mat, ytra mat, jafnréttisáætlanir og áherslur grunnskólanna í jafnréttismálum skv. mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, og annað sem við á.
2. Greining og mat á jafnréttisáhrifum.
3. Kynning á niðurstöðum og tækifærum til úrbóta.

Einnig mikilvægur hluti verkefnisins stofnun og ut anumhald með rafrænum samráðsvettvangi.

Tímaáætlun verkefnisins er Maí 2019- Maí 2020.

## Umhverfis- og skipulagssvið

Verkefni sem hlotið hafa greiningu KFS á sviði/skrifstofu	Ábyrgðaraðili	Afgreiðsla	Kostnaður greindrar þjónustu
Skipulagsmál	Sviðsstjóri	Apríl 2013	
Hjólreiðaáætlun	Sviðsstjóri	Apríl 2016	350 mkr/ár
Byggingarfulltrúi	Sviðsstjóri	Júní 2016	220 mkr
LUKR og landupplýsingar	Sviðsstjóri	Júní 2016	145 mkr
Grasagarður	Sviðsstjóri	Desember 2016	86 mkr
Vinnuskólinn	Sviðsstjóri	Mars 2017	241 mkr
Úrgangsmál, sorphirða og sorpeyðing	Sviðsstjóri	Desember 2017	1.644 mkr
Samgöngumál	Sviðsstjóri	Nóvember. 2018	141 mkr
Þjónustubættir til KFS greiningar 2019-2020	Ábyrgðaraðili	Greiningar- tímabil (frá - til)	
Þjónustumiðstöð borgarlandsins	Sviðsstjóri	Mai 2019	
Rekstur hverfahluta austur og vestur	Sviðsstjóri	Október-desember 2019	
Náttúra & garðar og Umhverfi & útivist	Sviðsstjóri	Október-desember 2019	
Stefnumótun og greining (aðalskipulag og svæðaskipulag, umhverfis- og gæðamál)	Sviðsstjóri	Vor 2020	
Bílastæðasjóður	Sviðsstjóri	Vor 2020	
Viðhald gatna og opinna svæða	Sviðsstjóri	Haust 2020	
Eftirfylgni með ábendingum í KFS-greiningum sviðsins	Ábyrgðaraðili	Tímabil eftirfylgni	
Eftirfylgni með verkefnum frá 2016 og 2017 - seinni eftirfylgni	Starfshópur KFS á USK	Mars 2019	
Úrgangsmál, sorphirða og sorpeyðing	Starfshópur KFS á USK	Mars 2019	
Samgöngumál	Starfshópur KFS á USK	Nóvember 2019	



## Velferðarsvið

Verkefni sem hlotið hafa greiningu KFS á sviði/skrifstofu	Áhvreðaraðili	Kynning/ afgreiðsla	Dagsetn.
Tilraunaverkefni: Þjónusta við utangarðsfólk	Sviðsstjóri VEL	Lokið	2012
Tilraunaverkefni: Félagsstarf aldraðra	Sviðsstjóri VEL	Lokið	2012
Fjárhagsaðstoð: Framfærslustyrkur	Sviðsstjóri VEL	Lokið	2014
Fjárhagsaðstoð: Heimildagreiðslur	Sviðsstjóri VEL	Lokið	2015
Stuðningsþjónusta	Sviðsstjóri VEL	Lokið	2016
Búsetuúrræði	Sviðsstjóri VEL	Lokið	2017
Dagþjónusta	Sviðsstjóri VEL	Lokið	2017
Heimaþjónusta	Sviðsstjóri VEL	2017	2018
Heimahjúkrun	Sviðsstjóri VEL	2017	2018
Hjúkrunarheimili	Sviðsstjóri VEL	2017	2018
Þjónustuíbúðir	Sviðsstjóri VEL	2017	2018
<b>Þjónustupættir til KFS greiningar 2019</b>	<b>Ábyrgðaraðili</b>	<b>Greiningar- tímabil (frá - til)</b>	<b>Dags. skila</b>
Ýmis úrræði - Framleiðslueldhús	Sviðsstjóri VEL	2018	Vor 2019
Ýmis úrræði - Unglingasmiðju	Sviðsstjóri VEL	2018	Vor 2019
Þróunarverkefni - Hælisleitendur	Sviðsstjóri VEL	2018	Vor 2019
Ferðarþjónusta fatlaðra/aldraðra	Sviðsstjóri VEL	2018	Haust 2019
Styrkir og samningar Velferðarráðs	Sviðsstjóri VEL	2018	Haust 2019
Forvarnarsjóður	Sviðsstjóri VEL	2018	Haust 2019
<b>Þjónustupættir til greiningar 2020</b>			
Fjárhagsaðstoð: Framfærslustyrkur	Sviðsstjóri VEL	2019	Vor 2020
Fjárhagsaðstoð: Heimildagreiðslur	Sviðsstjóri VEL	2019	Vor 2020
PMTO námskeið	Sviðsstjóri VEL	2019	Vor 2020
Stuðningsþjónusta	Sviðsstjóri VEL	2019	Haust 2020

Númer skjals:	FÁST-EBL-029
Skjalalykill:	02.01 Fjárhagsáætlun
Útgáfa:	2
Útgáfudags.:	19.02.2020
Síðast rýnt / næst rýnt:	19.02.2020 / 19.02.2021
Ábyrgðarmaður:	Skrifstofustjóri áætlana og uppgjör

## FÁST-EBL-029 Jafnréttisskimun

### Tilgangur jafnréttisskimunar:

Með jafnréttisskimun er tekið saman með einföldum hætti mat á áhrifum tillögunnar/verkefnisins á jafnrétti kynjanna og/eða jaðarsetta hópa í samræmi við verklag Reykjavíkurborgar um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun. Jafnréttisskimunin styður við ákvarðanatöku stjórnenda og kjörinna fulltrúa og forgangsröðun um ráðstöfun fjármuna. Fá tillegan áframhaldandi brautargengi, er gert ráð fyrir að hún fari í jafnréttismat hafi hún jafnréttisáhrif.

### Upplýsingar um verkefnið/tillöguna:

Dagsetning:	
Svið:	
Unnið af:	
Verkefni/tillaga:	
Þjónustupáttur:	
Stofnun/kostn.st.:	
Fjárhæð:	
Annað:	

### Jafnréttisskimun:

Hver er tillagan og hvert er markmið hennar?
Hefur verið hugað að aðgerðum við undirbúning tillögunnar til þess að stuðla að jafnrétti? Ef já, lýsið.
Hverjir eru markhópar tillögunnar? Beðið er um kyngreindar upplýsingar.
Hvernig hefur tillagan áhrif á stöðu kynjanna og jaðarsetta hópa? Rökstyðjið.
Er talin vera þörf á jafnréttismati á tillögunni? <sup>1</sup>

<sup>1</sup> Jafnréttismat felur í sér ítarlega kortlagningu á stöðu kynjanna og jaðarsettra hópa á viðkomandi sviði og greiningu á því hvernig tillagan getur aukið jafnrétti og/eða tryggt réttindi þeirra. Jafnréttismat tekur mið af mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10 frá 2008 og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum samþykktum í borgarstjórn 20. október 2009.

Númer skjals:	FMS-LBE-156
Skjalalykill:	02.01 Fjárhagsáætlun
Útgáfa:	3
Útgáfudags:	14.08.2018
Síðast rýnt / næst rýnt:	14.08.2018/ 14.08.2019
Ábyrgðarmaður:	Deildarstjóri áætlunar og greiningar

## FMS-LBE-156 Leiðbeiningar um gerð jafnréttismats

Jafnréttismat tekur mið af mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10 frá 2008 og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum samþykktum í borgarstjórn 20. október 2009. Markmið þessara laga og samþykka er að stuðla að auknu kynjajafnrétti og tryggja réttindi jaðarsettra hópa.

Við forgangsröðun í fjárhags- og starfsáætlunargerð þarf að gæta að hagkvæmri nýtingu fjármuna í samræmi við jafnréttismarkmið borgarinnar og ólíkar þarfir einstaklinga. Framkvæmd jafnréttismats nýtist til þess að koma jafnréttissjónarmiðum að við undirbúning og skipulag vinnu. Með skilvirkri notkun á jafnréttismati er hægt að tryggja upplýstari ákvarðanatöku og réttlátri skiptingu fjár, um leið og beiting þess eykur þekkingu á jafnréttismálum og skilning á stöðu jaðarsettra hópa.

Jafnréttismat skal framkvæma á tillögum sem teljast hafa jafnréttisáhrif *eftir* að þær hafa farið í gegnum jafnréttisskimun. Jafnréttismöt geta verið mjög misjöfn í umfangi og fer það eftir eðli tillögunnar og þeirri starfsemi sem hún nær yfir. Gert er ráð fyrir að ábyrgðafólk tillögunnar vinni jafnréttismat í samráði við ráðgjafahóp um KFS og/eða verkefnastýru.

Í eftirfarandi leiðbeiningum er gert grein fyrir þeim þáttum sem þurfa að koma fram í jafnréttismatinu, dæmi um spurningar til umhugsunar og ábendingar á annað fræðsluefni.

### Eftirfarandi þarf að koma fram í jafnréttismatinu:

- Lýsing á tillögunni og markmiðum.
- Úttekt á þekkingu um stöðu mismunandi hópa á þeim sviðum sem snerta tillöguna. Ýmislegt er vitað um þær mismunandi aðstæður og óskrifuðu reglur sem ólíkir hópar búa við og ekki er hægt að framkvæma fullnægjandi jafnréttismat án þess að taka tillit til þeirrar þekkingar. Hér er beðið um að fólk kynni sér rannsóknir, skýrslur og annað efni sem fjallar um þessar ólíku stöður. Hægt er að nálgast ráðgjöf hjá ráðgjafahópi og verkefnastýru KFS og hjá fulltrúum mannréttindaskrifstofu. Einnig er hægt að nálgast gagnlegt efni frá Reykjavíkurborg hér: <https://reykjavik.is/utgefid-efni-kynjud-fjarhags-og-starfsaaetlun>
- Greining á áhrifum tillögunnar á mismunandi hópa eftir kyni og annars þáttar sem við á, sb. mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar. Greininguna skal byggja á rannsóknum og þekkingu á stöðu mismunandi hópa auk kyngreindra tölfræðigagna. Hér ber einnig að hafa í huga að mismunun getur verið margþætt – sumt fólk tilheyrir fleiri en einum jaðarsettum hópi og getur það haft áhrif á aðstöðu.
- Hvernig getur tillagan stuðlað að auknu jafnrétti og tryggt réttindi jaðarsettra hópa? Markmið þess að vinna að auknu jafnrétti er að fólk hafi tækifæri til að þróa og nýta hæfileika sína án þess að verða fyrir mismunun eða festa staðlaðar ímyndir í sessi. Það er mikilvægt að

hafa í huga að jöfn hlutföll eða skipting eru ekki endilega merki um jafnrétti. Aftur þarf að taka mið af þekkingu um ólíka stöðu fólks til þess að gefa fullnægjandi mat af jafnréttisáhrifum. Hér er einnig beðið um mat á því hvort grípa megi til mótvægisáðgerða vegna tillögunnar til þess að vinna að auknu jafnrétti.

### Ýmsar spurningar til umhugsunar

- Hvernig mun komandi breyting mæta ólíkum þörfum?
- Hvernig mun starfsemin vinna gegn kynímyndum og fordómum í garð ólíkra hópa?
- Getur tillagan skapað nýjar hindranir eða dregið úr hindrunum á vegi jafnréttis?
- Hvernig skiptist fjárhæðin á milli kynja?
- Hvernig munu fjárhæðir samkvæmt tillögunni skiptast á milli kynja innan jaðarhópa?
- Ef að einhver hagnast af tillögunni umfram annan er hægt að réttlæta það?
- Ýtir stefnan eða breyting á þjónustu undir eða dregur úr ógreiddum stundum við umönnun? Skoða þarf m.a. áhrif á fjárhagslega stöðu eða aðgengi að þjónustu.
- Hvernig verður starfsemin skipulögð þannig að allir hafi aðgengi að henni?
- Hvernig mun breytingin minnka aðgreiningu kynjanna og ólíkra hópa?
- Hvernig er kynjasamsetning þeirra sem nýta þjónustu tengda tillögunni?
- Skarast mismunun á grundvelli ólíkra þátta, t.d. kyns og fötlunar?

### Nánari upplýsingar og fræðsluefni:

- Reykjavíkurborg. (2018) Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar.  
[https://reykjavik.is/sites/default/files/yomis\\_skjol/skjol\\_utgefid\\_efni/stefna\\_mannr\\_280518\\_n\\_et.pdf](https://reykjavik.is/sites/default/files/yomis_skjol/skjol_utgefid_efni/stefna_mannr_280518_n_et.pdf)
- Reykjavíkurborg. (2014) Handbók um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun. Kynjuð fjárhags- og starfsáætlun hjá Reykjavíkurborg.  
[https://reykjavik.is/sites/default/files/handbok\\_kynjadrar\\_fjarhags-\\_og\\_starfsaaetlunar.pdf](https://reykjavik.is/sites/default/files/handbok_kynjadrar_fjarhags-_og_starfsaaetlunar.pdf)
- Jafnréttisstofa. (2014) Jafnréttismat – mat á áhrifum stefnumótunar, áætlanagerðar og lagasetningar.  
[http://www.jafnretti.is/D10/\\_Files/Jafnrettismat.pdf](http://www.jafnretti.is/D10/_Files/Jafnrettismat.pdf)